

2. október 2018.

Stjórnarfundur Foreldrafélags Réttarholtsskóla.

Mættir: Ingunn, Björk, Jóhann Gunnar, Baldvin, Hildur, Andrea, Erla, Brynja, Arna, Gunnhildur, Tryggvi, Linda, Sigrún, Elísa, Gígja og Guðmundur.

1. Nýjir formenn
Fundurinn hófst með kynningu á nýjum formönnum, Björk Grétarsdóttur og Ingunni Mary Midfjod, en þetta er þeirra fyrsti fundur í nýju hlutverki.
2. Réttó réttir hjálparhönd
Maríella, kennari kom á fundinn og kynnti verkefnið: Réttó réttir hjálparhönd. Í því felst að nemendur vinni verkefni til að styrkja góð málefni. Réttó styrkir þrjú góða málstaði sitt hvort árið. Þau eru Vin, Frú Ragnheiður og Stígamót. Börnin búa til bókamerki og selja þau til að styrkja málstaðinn. Bókamerkin eru með happdrættisnúmerum og hfur Réttó skaffað fjóra bókavinninga.

Þeirri spurningu var varpað til foreldrafélagsins hvort þau gætu tekið þátt í afla fleiri vinninga. Einnig rætt um það hvort foreldrafélagið gæti haft milligöngu um að fá fyrirtæki til að panta bókamerki og þannig mætti auka framlag nemenda til átaksins. Nemendur myndu þá útbúa fleiri bókamerki til að uppfylla pöntunina. Svar foreldrafélagsins var á þá leið og eðlilegra væri að efla nemendur til þess að afla fleiri vinninga ofl en að foreldrafélagið geri það. Þá var einnig lagt til að nemendafélagið setji upplýsingar um verkefnið á facebook hverfasíðuna 108 og auglýsi eftir því hvort fyrirtæki vilji setja inn pöntun. Jóhann Gunnar kemur málinu áleiðis til nemendaráðs.

3. Fjáröflun.
Fjáröflun haustsins 2018. Búið er að skila inn öllum pöntunum og vörur verða afhentar á fimmtudaginn kl. 17.30. Auglýst verður eftir aðstoð við það á facebook síðu stjórnarinnar.
4. Örnámskeið.
Örnámskeiðin rædd. Umræða um hvort eigi að halda þau aftur, eða hvort það eigi að gera eitthvað annað sem nemendur og foreldrar geta gert saman. Jóhann Gunnar mun kanna hjá nemendaráðinu hvaða skoðun þau og aðrir nemendur hafa á þessu máli. Í næstu viku hefur Jóhann Gunnar samband við stjórn foreldrafélagsins og mun þá láta vita um skoðun nemenda í nemendaráði. Í framhaldinu verður tekin ákvörðun.
5. Fyrirlestrar.
Fyrirlestur, þ.e. forvarnarfræðsla er búin að vera fyrir foreldra 10. bekkinga. Fyrirhugaður samskonar fyrirlestur fyrir foreldra 8. og 9. bekkjar. Skólinn greiðir þann fyrirlestur. Um er að ræða forvarnarfræðslu frá Foreldrahúsi.

Foreldrafélagið ætlar að fá Þorgrím Þráinsson með fyrirlestur fyrir foreldra um markmiðasteningu. Hann kemur árlega með þennan fyrirlestur fyrir nemendur. Foreldrafélagið greiðir fyrir þennan fyrirlestur fyrir foreldrana kr. 35.000. Kannað verður hvort hann geti verið með fyrirlesturinn 1. nóv.

Foreldraþorpið er með fyrirlestur á morgun 3. okt. Andrea og Hildur mæta á fyrirlesturinn. Erindi verður frá SAMFOK. Einnig á að ræða hugmyndir um stóran fyrirlestur. Andrea segir frá síðast fyrirlestri hjá Foreldraþorpinu, þar var rætt um hraðar breytingar á neyslu barna. Rætt um að brýnt sé að efla aftur forvarnir. Einnig sagt frá Betri Reykjavík og sagt frá að 16 ára börn geti kosið. Sagt frá kosningunum þar og fólk hvatt til að kjósa það sem það telur brýnast.

1. Foreldrarölt.

Foreldrarölt. Í gær var viðburður í Bústöðum fyrir 8. bekk og það var öflugt foreldrarölt eftir það. Rætt um mikilvægi þess að foreldrar séu sjáanlegir. Það hefur forvarnargildi og hefur fælingarmátt fyrir þá sem vilja nálgast börnin.

1. Samvinna við Bústaði.

Rætt um að gott væri að Ívar, í Bústöðum verði beðinn að mæta á næsta fund hjá stjórn foreldrafélagsins.

1. Önnur mál.

Rætt um að afgreiða mál hjá stjórn foreldrafélagsins meira á facebook en í pósti. Einnig að nota kannanir á facebook til að finna út úr málum.

Foreldrafélagsgjöldin eru valkvæð og ekki eru sendir út reikningar. Ef fólk hefur samband og spyr hvort það hafi greitt verður því leiðbeint um að kanna sjálft hvort það hafi greitt.

Ritari: Brynja Ólafsdóttir.